

**242. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar**

**haldinn fimmtudaginn 30. janúar 2020 kl. 16:00**

**á skrifstofu félagsins að Hafnarstræti 91, Akureyri.**

Fundinn sátu:

Katrín Sigurjónsdóttir, stjórnarformaður, Hilda Jana Gísladóttir varaformaður, Ásgeir Örn Blöndal, Finnur Yngvi Kristinsson og Unnar Jónsson, varamaður. Valtýr Hreiðarsson, aðalmaður tilkynnti forföll.

Katrín Sigurjónsdóttir ritaði fundargerð.

Sigmundur Einar Ófeigsson, framkvæmdastjóri félagsins, sat fundinn undir liðum 2-4.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá fundarins:

**1. Farið yfir áherslumál AFE í nýju félagi með AP og Eyþing.**

Nýráðinn framkvæmdastjóri SSNE, Samtaka atvinnuþróunar og sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Eyþór Björnsson sat fundinn undir þessum lið. Mætti hann á fundinn kl. 16:00. Eyþór kynnti sig og sínar áherslur í starfi. Rætt um þær áherslur sem stjórn AFE hefur lagt fram fyrir hið nýja félag. Þá var farið yfir starfsemi SSNE á fyrstu vikum félagsins.

Eyþór vék af fundi kl. 16:30.

Stjórn AFE óskar Eyþóri Björnssyni velfarnaðar í störfum fyrir ný samtök atvinnuþróunar og sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Einnig óskar stjórn þess að atvinnumál og nýsköpun skipi veglegan sess og fái mikla áherslu í komandi starfsemi SSNE.

**2. Bráðabirgðauppgjör AFE 2019.**

Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri AFE kom inn á fundinn kl. 16:32.

Framkvæmdastjóri fór yfir bráðabirgðauppgjör AFE fyrir árið 2019.

Lagt fram til kynningar.

**3. Þjónustusamningur AFE við SSNE.**

Með fundarboði fylgdu drög að þjónustusamningi SSNE og AFE um þjónustu og uppgjör á milli félaganna og lokauppgjör eigi síðar en 1. apríl 2020.

Stjórn AFE samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur stjórnarformanni að undirrita samninginn fyrir hönd félagsins og framkvæmdastjóra að fylgja honum eftir.

**4. Önnur mál.**

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni sem eru í gangi og verkefni sem liggja fyrir næstu vikur. Farið yfir úrvinnsluverkefni sem liggja fyrir AFE vegna vinnu að slitum félagsins.

Sigmundur vék af fundi kl. 17:25.

KS.

5. Trúnaðarmál.

Bókað í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki rætt né bókað.

Fundi slitið kl. 18:00.

Jóhanna Sigurðardóttir  
Linn Jónsson  
Ásgeir  
Hilma danna Guðad.